



### 3. fundur aðalstjórnar UMF. Selfoss

haldinn í Tíbrá miðvikudaginn 2. október 2019 kl. 19:00.

---

**Mætt eru:** Viktor S. Pálsson (VSP) formaður, Dýrfinna Sigurjónsdóttir (DS), Hjalti Þorvarðarson (HP), Ágúst Sigurjónsson (ÁS) varamaður fyrir Ingibjörg Garðarsdóttir, Helgi Sigurður Haraldsson (HSH), Þórir Haraldsson (PH), Birgir Júlíus Sigursteinsson (BJS), Sveinbjörn Másson (SM) varamaður fyrir Jón Steindór Sveinsson, Guðmundur Pálsson (GP) og Ófeigur Ágúst Leifsson (ÓÁL). Auk þess sátu fundinn Aðalbjörg Skúladóttir (AS) bókarari UMF. Selfoss og Gissur Jónsson (GJ) framkvæmdastjóri UMF. Selfoss sem ritar fundargerð.

**Gestir:** Guðbjörg Jónsdóttir (GuJ) formaður íþróttá- og menningarnefndar Árborgar.

**Forföll boðuðu:** Sigrún Hreiðarsdóttir, Sverrir Einarsson og Guðmundur Gústafsson.

#### 1. Samstarf við Sveitarfélagið Árborg

GuJ stiklaði á stóru í góðu samstarfi sveitarfélagsins og ungmennafélagsins.

VSP leggur áherslu á að strax verði haldið áfram að þarfagreina og forhanna nýja íþróttamiðstöð Selfoss við Engjaveg. Hann beinir því til deilda að undirbúa vel forvinnu og þarfagreiningu þannig að hún skili sem allra bestum árangri.

PH bendir á mikilvægi þess að aðstaða í sveitarfélaginu sé í samræmi við þarfir og starfsemi nútíma íþróttafélaga.

SM tíundar stuttlega verkefni sem unnin hafa verið á Selfossvelli á liðnu sumri. Kom á framfæri þakklæti til bæjarstjórnar fyrir stuðning við starf knattspyrnudeildar og ekki hvað síst fyrir hvatningu í tengslum við bikarmeistaratitil Selfoss í sumar. Vakti jafnframt athygli á því að sveitarfélagið er stærsti styrktaraðili ungmennafélagsins en það leggur m.a. til alla aðstöðu til æfinga og keppni.

PH tók undir orð SM og ítrekar hversu mikilvæg samstaða félagsins og samfélagsins alls sé bæði í blíðu og stríðu.

VSP minnir á að huga þurfi að ýmsum atriðum er varða ásýnd Selfossvallar fyrir unglíngalandsmótið sem haldið verður á Selfossi um verslunarmannahelgina 2020.

Í tengslum við byggingu fyrsta áfanga íþróttamiðstöðvar Selfoss bendir VSP á að nauðsynlegt sé að endurskoða rekstrarsamning sveitarfélagsins um Selfossvöll.

GuJ greinir frá því að vilji sé til að hækka frístundastyrkinn aftur á næsta ári. Hún þakkar einnig fyrir rekstur mótuneytis akademíunnar sem er mikilvægur þáttur í sameiginlegu félagsstarfi Umf. Selfoss.

GP spurði um fjölgun brauta í Sundhöll Selfoss. GuJ svaraði að áfram væri unnið að stækkun og þróun á Sundhöllinni.

HSH vék af fundi kl. 19:38 og GuJ yfirgaf fund kl. 19:45.

Framkvæmdastjóra falið að senda eftirfarandi ályktun til íþrótt- og menningarnefndar Árborgar.

*Aðalstjórn Umf. Selfoss leggur áherslu á að strax verði haldið áfram með undirbúningsvinnu fyrir íþróttamiðstöð Selfoss við Engjaveg. Mikilvægt er að greining á þörfum íþróttafélaga og annarra félagsamtaka verði framkvæmd og í framhaldi af því ráðist í forhönnun mannvirkisins. Ungmennafélag Selfoss mun sem fyrr leggja sín lóð á vogarskálar bættar aðstöðu fyrir félagið til heilla fyrir Sveitarfélagið Árborg.*

## **2. Fundargerðir**

1. fundargerð aðalstjórnar frá 15. maí staðfest án umræðu.

2. fundargerð aðalstjórnar frá 11. júní 2019 staðfest án umræðu.

1. fundargerð framkvæmdastjórnar frá 29. ágúst samþykkt.

Rætt var um gerð nýrrar heimasíðu, meta þarf notagildi og leggja fram kostnaðaráætlun.

Framkvæmdastjóra falið að stilla upp verkáætlun vegna endurnýjunar á fyrirmyndarhandbók deilda. Heimilt að óska eftir fólki í starfshóp.

2. fundargerð framkvæmdastjórnar frá 24. september samþykkt án umræðu.

## **3. Afreks- og styrktarsjóður Umf. Selfoss**

Minnt á að umsóknarfrestur rennur út 1. desember 2019.

## **4. Íþróttafólk Umf. Selfoss**

Minnt á skilafrestur rennur út 15. nóvember 2019.

## **5. Verðlaunahátíð Umf. Selfoss**

Finna þarf verðugan vettvang fyrir útnefningu íþróttafólks Umf. Selfoss.

## **6. Almennir skilmálar um afgreiðslu æfingagjalda Umf. Selfoss**

Framkvæmdastjóri lagið fram tillögu að almennum skilmálum er gilda um greiðslu æfingagjalda hjá Umf. Selfoss. Samþykkt samhljóða.

## **7. Samningur við Sideline**

Samþykkt að félagið í heild sinni taki Sideline í notkun fyrir iðkendur, foreldra og þjálfara. Innleiðingu hjá öllum deildum verði lokið innan 12 mánaða. Framkvæmdastjórn falið að útfæri leið til að greiða sameiginlegan kostnað.

### **8. Innra skipulag Umf. Selfoss**

Samþykkt að leggja mat á innra skipulag, þjónustu og verkferla hjá Umf. Selfoss ásamt því að skoða mögulegar breytingar á skipuriti Umf. Selfoss. Lagt til að vinnudagur verði 23. október en formanni og framkvæmdastjóra var falin nánari útfærsla.

### **9. Árshlutauppgjör fyrir alla deildir og aðalstjórn**

Lögð voru fram átta mánaða uppgjör deilda og aðalstjórnar eftir því sem þau liggja fyrir. Með vísan í fundargögn er greinilegt að stöðugleiki er í starfi félagsins og deilda þess.

### **10. Æfingagjöld**

Samburði á breytingu á æfingagjöldum deilda/akademía haustið 2019 var frestað til fundar aðalstjórnar í desember

**Fundi slitið klukkan 21:16.**